


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Sjúkdómafræði 2 SJÚK2GH05</b>	
	<b>Námsáætlun vorönn 2018 Fjarnám</b>	

<b>Kennari</b>	Inga Björg Ólafsdóttir	<b>Sk.st.</b>	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um líkamlega og geðræna sjúkdóma og latneskt nafngiftakerfi sjúkdóma. Fjallað er um hugtök og sjúkdóma sem tengjast innkirtlakerfi, hjarta-og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í fyrrnefndum líkamskerfum eru teknir til umfjöllunar. Algengum geðröskunum eru gerð skil og fjallað um forvarnir, einkenni og meðferð geðraskana. Skoðuð eru tengsl umhverfis, erfða og áhættuþátta við sjúkdómspróun þar sem við á.

#### Þekkingarviðmið:

##### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- meingerðum, einkennum, orsökum, afleiðingum, forvörnum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í innkirtlum, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi
- einkennum, orsökum, forvörnum og meðferðarmöguleikum algengra geðraskana
- tengslum sjúkdómspróunar og truflana á samvægisferlum í líkama
- tengslum sjúkdómspróunar við umhverfis og áhættuþætti
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdómafræði

#### Leikniviðmið:


##### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman einkenni, orsakir, forvarnir og meðferðarmöguleika algengra geðraskana
- benda á tengsl sjúkdómspróunar og truflana á samvægisferlum í líkama
- benda á tengsl sjúkdóma við umhverfis og erfðaþætti
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdómafræði

#### Hæfniviðmið

##### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra meingerð, einkenni, orsakir, afleiðingar, forvarnir og meðferðarmöguleika algengra sjúkdóma í innkirtlum, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi
- rekja tengsl sjúkdóma og umhverfis og erfðaþátta, þar sem við á
- miðla þekkingu um sjúkdóma í innkirtlakerfi, hjarta og æðakerfi, öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og æxlunarkerfi auk geðraskana á fjölbreyttan og skapandi hátt
- bera kennsl á algeng einkenni sjúkdóma og/eda frávik frá eðlilegu ástandi
- tengja sjúkdómseinkenni og sjúkdómsástand
- yfurfæra og nýta þekkingu í sjúkdómafræði í starfi

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Sjúkdómafræði 2 SJÚK2GH05</b>	
	<b>Námsáætlun vorönn 2018 Fjarnám</b>	

### Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Kennslubók	Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Iðnú.  Kafli 8-13 að báðum köflum meðtöldum. Glærur kennara.  Viðbótarefni af netinu og fl.

### Áætlun um yfirferð :

### Námsáætlun :

- 1.-2. vika.** Innkirtlasjúkdómar, 8. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 3.-5. vika.** Hjarta-og æðasjúkdómar, blóðsjúkd. 9. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 6-7. vika.** Öndunarfærasjúkd., 10. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 8. vika.** Meltingarfærasjúkd. 11. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 9. vika.** Sjúkdómar í þvaggfærum. 12. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 10. vika.** Sjúkdómar í æxlunarfærum. 13. kafli í kennslubók ásamt verkefnum og ítarefni.
- 11-12. vika.** Verkefni um geðsjúkdóma. Efni á vefnum.

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Skriflegt próf	Lokapróf í maí	80%	
Verkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálfis mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Ef verkefni berast seinna en það fer kennari yfir þau og gefur einkunn fyrir en hún reiknast sem núll í lokaeinkunn nema að nemendur hafi samið um annað t.d. vegna veikinda. Nemendur eru samt hvattir til að skila öllum verkefnum þótt það sé alltof seint því að alltaf er hugsanlegt að læra á því að gera þau og fá athugasemdir við þau.	20%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<p><b>Annað:</b> Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækkunar. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum.</p> <p><i>Kennari áskilur sér rétt til breytingar.</i></p>			

Dagsetning: 19. jan

*Inga B. Ólafsd*

Undirritun kennara

*Jóhanna Árn*

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils